




## Nauðungaruppboð

sem auglýst var í 146. tölublaði Lögbirtingablaðsins 1986 og 3. og 10. tölublaði þess 1987 á eigninni Sléttahraun 34, 2. hæð, Hafnarfirði, þingl. eign Kristjáns B. Einarssonar, fer fram eftir kröfu Gjaldheimtunnar í Hafnarfirði, Tryggva Guðmundssonar hdl. Verzlunarbanka Íslands, Bjarna Ásgeirssonar hdl. og Gísla Kjartansson hdl. á skrifstofu embættisins að Strandgötu 31, Hafnarfirði, föstudaginn 24. apríl 1987 kl. 14.30.

Bæjarfógetinn í Hafnarfirði.

## Nauðungaruppboð

sem auglýst var í 146. tölublaði Lögbirtingablaðsins 1986 og 3. og 10. tölublaði þess 1987 á eigninni Hvassabergi 12, Hafnarfirði, þingl. eign Magneu Sigurðardóttur, fer fram eftir kröfu Gjaldheimtunnar í Hafnarfirði á skrifstofu embættisins að Strandgötu 31, Hafnarfirði, föstudaginn 24. apríl 1987 kl. 13.30.

Bæjarfógetinn í Hafnarfirði.

## Nauðungaruppboð

sem auglýst var í 146. tölublaði Lögbirtingablaðsins 1986 og 3. og 10. tölublaði þess 1987 á eigninni Norðurbraut 21, Hafnarfirði, þingl. eign Gunnars Jónssonar og Karólinu Jósefsdóttur, fer fram eftir kröfu Gjaldheimtunnar í Hafnarfirði og Veðdeildar Landsbanka Íslands á skrifstofu embættisins að Strandgötu 31, Hafnarfirði, föstudaginn 24. apríl 1987 kl. 16.00.

Bæjarfógetinn í Hafnarfirði.

## Nauðungaruppboð

sem auglýst var í 146. tölublaði Lögbirtingablaðsins 1986 og 3. og 10. tölublaði þess 1987 á eigninni Breiðvangi 32, 4. hæð t.v., Hafnarfirði, þingl. eign Ara Hjörvar, fer fram eftir kröfu Gjaldheimtunnar í Hafnarfirði, Veðdeildar Landsbanka Íslands, Landsbanka Íslands og Guðjóns Steingrímssonar hrl. á skrifstofu embættisins að Strandgötu 31, Hafnarfirði, föstudaginn 24. apríl 1987 kl. 15.30.

Bæjarfógetinn í Hafnarfirði.

## Nauðungaruppboð

sem auglýst var í 146. tölublaði Lögbirtingablaðsins 1986 og 3. og 10. tölublaði þess 1987 á eigninni Hjallabraut 7, 3. hæð t.v., Hafnarfirði, þingl. eign Aðalheiðar Birgisdóttur, fer fram eftir kröfu Gjaldheimtunnar í Hafnarfirði og Árna Gunnlaugssonar hrl. á skrifstofu embættisins að Strandgötu 31, Hafnarfirði, föstudaginn 24. apríl 1987 kl. 14.45.

Bæjarfógetinn í Hafnarfirði.

## Nauðungaruppboð

sem auglýst var í 146. tölublaði Lögbirtingablaðsins 1986 og 3. og 10. tölublaði þess 1987 á eigninni Sævangi 35, Hafnarfirði, þingl. eign Önnu Grétu Arngrímsdóttur, fer fram eftir kröfu Gjaldheimtunnar í Hafnarfirði og Steingrims Þormóðssonar hdl. á skrifstofu embættisins að Strandgötu 31, Hafnarfirði, föstudaginn 24. apríl 1987 kl. 15.15.

Bæjarfógetinn í Hafnarfirði.

## Nauðungaruppboð

annað og síðara á eigninni bilageymslu nr. 3 við Sléttahraun 28-30, Hafnarfirði, talin eign Ingvars Björnssonar, fer fram á skrifstofu embættisins að Strandgötu 31, Hafnarfirði, föstudaginn 24. apríl 1987 kl. 16.30.

Bæjarfógetinn í Hafnarfirði.

## Nauðungaruppboð

annað og síðara á eigninni Hörgatúni 7, suðausturhl., Garðakauptað, talin eign Valborgar Jónsdóttur, fer fram á skrifstofu embættisins að Strandgötu 31, Hafnarfirði, föstudaginn 24. apríl 1987 kl. 17.00.

Bæjarfógetinn í Hafnarfirði.

## Menning

# Syrpa í dymbilviku

Á undanförunum misserum hefur sýningargleði íslenskra listamanna verið með ólíkindum. Vart líður sú helgi að ekki séu opnaðar þrjár og upp í sex myndlistarsýningar vitt og breitt um höfuðborgarsvæðið. Um daginn átti áhugafólk um myndlist til dæmis kost á að sækja hvorki fleiri né færri en þrettán tímabundnar listsýningar.

Eins og ég hef áður dregið á í þessum pistlum ber þessi sýningafjöldi vissulega vott um mikla grósku í íslenskrí listsköpun en hann gerir fólki óneitanlega erfiðara um vik að fylgjast með og listgagnrýnendum enn erfiðara að skila af sér umsögn um sérhvern listamann.

Með þessu áframhaldi verða stærri og markverðari sýningar sennilega látnar ganga fyrir hvað umsagnir varðar en minni sýningar verða að mæta afgangi. Sumir listamenn verða augljóslega að bíta í það súra epli að fá enga eða mjög takmarkaða umgætingu, rétt eins og gerist í stórborgum beggja vegna Atlantsála.

Þessi prölógus er vitanlega nokkurs konar afsökunarbeiðni til lesenda vegna þess fjölda listsýninga sem ekki hafa fengið inni á síðum blaðsins upp á síðkastið og jafnframt útskýring á málavöxtum.

Nú hafa nokkrar sýningar sömuleiðis orðið fórnarlömb páskafrídaga og kosningafárs í fjölmiðlum og því vil ég freista þess að skrifa um þær eins konar minningargrein.

## Myndlist

### Aðalsteinn Ingólfsson

#### Allt flýtur með

Sýning Braga Ásgeirssonar, „100 myndverk“, sem haldin var að Kjarvalsstöðum, var um margt lík öðrum sýningum sem listamaðurinn hefur haldið á undanförunum árum.

Braga er margt til lista lagt en á greinilega í erfiðleikum með að gera upp hug sinn gagnvart ýmsu því sem er að gerast í samtímanum og listinni.


Lausn hans er sú að gera ekki upp á milli hluta heldur láta allt fljóta með. Á sýningu hans mátti því finna viðkvæmislegar konumyndir, spaðamyndir í frjálsum afstraktstíl, nett verk í anda „nýju geometríunnar“ (Neo Geo), stærri verk í anda „gömlu geometríunnar“, samsettar & álímdar myndir og ýmislegt fleira.

Nú hefur það sennilega einhverja þýðingu fyrir listamanninn að vasast í þessu öllu en fyrir áhorfandann er þreytandi að fylgja honum eftir gegnum hinar ýmsu kúvendingar. Á endanum spyr hann sjálfan sig: Hver er endanleg niðurstaða allra þessara tilrauna? Því myndlist gengur út á niðurstöður engu síður en aðrar húnánískar rannsóknir.

Eitt þótti mér þó jákvætt við þessa sýningu Braga, nefnilega litrófið sem var yfirleitt betur samstillt en á mörgum fyrri sýningum hans.

#### Prófanir

Á sama tíma sýndi Steinunn Þórar-



Steinunn Þórarinsdóttir - Skúlpúr.

insdóttir skúlpúrverk í austursal Kjarvalsstaða. Steinunn var á síðasta ári á launum sem borgarlistamaður í Reykjavík og er að kvitta fyrir sig með þessari sýningu.

Ófugt við marga kollega sína í þrívíddinni hefur listakonan lagt megináherslu á figúratífa tjáningu, eða að minnsta kosti gerir hún manneskjuna að þátttakanda í ýmislegum prófunum með efni og viðhorf.

Sýning Steinunnar setti mig í talsverðan bobba. Mig langaði mikið til að njóta hennar, ekki síst vegna mannúðlegs yfirbragðs listakonunnar.

En að sumu leyti á Steinunn við sama vanda að stríða og Bragi, vinnur ómarkvisst og út frá helst til almenn-ur forsendum.

Á sýningu hennar var eins og hún stefndi í þrjár áttir samtímis, allt eftir því hvað efniviðurinn sagði fyrir um. Mest virtist hún leggja af sjálfri sér í grind-verkin úr járn og blý en þar vantaði frekari samræmingu þessara tveggja efna – og umfram allt skýrari ítrekun á markmiðum.

En Steinunn er enn bráðungur listamaður og vel í stakk búin til frekari glímu við efni jafnt sem viðfangsefni.

#### Húmor

Annar listamaður í þrívídd, Sóley Eiríksdóttir, var einnig með sýningu á vesturgangi Kjarvalsstaða.

Sóley hóf feril sinn í „venjulegri“ keramik, fór svo smátt og smátt að fíkra sig yfir í frjálsum skúlpúr úr leir.

Fyrstu verk hennar af því tagi voru voldugir hausar, ekki alltaf háalvarlegir. Nú hefur hún fært sig yfir í figúru eða að minnsta kosti líkamsparta án þess að slaka á í kíminni. Skúlpúrar hennar eru bæði af heimi manna og dýra, kannski mestmegnis mitt á milli þessara tveggja heima.

Ef á heildina er lítið virðast formrænar tilraunir skipta Sóleyju minna máli en myndræn ævintýri og útfærsla þeirra í eldfast form.

Sjálf er listakonan uppáfinningarsöm í meira lagi, hefur lag á að koma áhorfendum á óvart og í opna skjöldu.

#### Trú og sannfæring

Ásdís Sigurbórsdóttir er grafiker sem lítið hefur haft sig í frammi enda í fullu starfi sem myndlistarkennari austur í sveitum.

Það sem ég hef séð eftir hana hingað til hefur ekki haft á sér ýkja persónulegt yfirbragð nema þá helst grafíkmyndin „Pyrnikóróna“ sem var til sýnis á síðustu samsýningu Íslenskrar grafíkur í fyrria.

Sú mynd var virðingargerð tilraun til að stílfæra trúarlega sannfæringu og gefa henni sterkt myndrænt yfirbragð.

Á sýningu Ásdísar í Gallerí Gangskör (sem raunar lýkur ekki fyrr en 22. apríl) kemur í ljós að hún hefur haldið áfram að vinna með trúarleg tákni, nefnilega krossinn í ýmsum myndum (sankti Andrésarkrossinn, Möltukrossinn o.fl.) í þetta sinn með olíulitum.

Út af fyrir sig er ekki hægt að kalla þessi verk Ásdísar strangtrúarleg, svo stílfærð og mynstur-kennnd sem krossmörk hennar eru. En þau eru að minnsta kosti einhvers slags andlegir vegvisar.

Ég er ekki viss um að Ásdís ráði alveg við þá jafnvægislist sem þessi myndgerð er þar sem sífellt þarf að veða og meta formlegt og trúarlegt gildi tákna.

Enda bera mörg þessara verka merki um hik eða óvissu, bæði í uppbyggingu og litavali. Önnur eru þroskavænlegri.

#### Blæbrigði landslags og Einar Jónsson

Kristín Þorkelsdóttir (Gallerí Borg)



Sóley Eiríksdóttir - Skúlpúr, 1987.

er ört vaxandi listamaður í sérgrein sinni, vatnslitunum.


Á undanförunum árum hefur hún verið að ná æ meira valdi yfir þessum vandmeðfarna miðli og nú er svo komið að fáir standa henni á sporði í umbúðalausri túlkun á blæbrigðum landslagsins.

Í verkum hennar hafa varfærnislegir pensilrættir nú vikið fyrir breiðum strokum og stórum litflötum, sjálfur myndflöturinn er líka orðinn vettvangur fyrir meiriháttar átök.

Kees Visser er einn af mörgum „tengdasonum landsins“ í listinni, ötull verkamaður á sviði grafíkur og bókagerðar. Sýning hans í Nýlistasafninu var sérkennilegt uppátæki.

Þar lagði Visser út af nokkrum þekktum mótífum eftir Einar Jónsson myndhöggvara með grafískum hætti, það er með því að þrykkja fjölda litadra tilbrigða um þau, annars vegar til sýningar, hins vegar til að gefa út á bók. Allt fyrirtækið nefndi Visser „Tilinkun“.

Allt var þetta ásjálegt, sérstaklega bækurnar (sem Visser þrykkir og bindur inn sjálfur) en hins vegar sannfærðist ég ekki um að listamaðurinn þyrfti sérstaklega á mótífum Einars að halda. Ekki urðu tilbrigði Vissers heldur til þess að opna augu mín fyrir einhverju áður óþekktu í list meistarsins í Hnitbjörgum.



Kristín Þorkelsdóttir - Vorskúrir á Botnssúlum, 1986.